

sjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, greiði 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 55/1955. **Ákærvaldið**

gegn

Herði Ólafssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Kærumál. Þagnarskylda lögmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili, Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, hefur með kæru 12. þ. m. skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 6. tölulið 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Afstaða varnaraðilja til þess manns eða þeirra manna, er hann gerðist milligöngumaður fyrir um lánveitingar, eins og í hinum kærða úrskurði segir, er slík, að hann er ekki bundinn þagnarskyldu gagnvart aðilja þessum eða aðiljum. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1955.

Í þeim þætti rannsóknar þessarar, sem veit að lánaviðskiptum Ragnars Blöndals h/f við einstaklinga, hefur Gunnar Hall, fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, skýrt svo frá, að hann hafi fyrir hönd félagsins fengið talsverð víxillán á síðasta ári hjá Herði Ólafssyni héraðsdómslögmanni, og hafi vaxtakjörin verið 3% á mánuði eða þar um bil. Við skuldaskil félagsins nú í vetur lýsti héraðsdómslögmaðurinn á hendur því kröfum að upphæð kr. 234.528.00, og hefur skýrt svo frá, að kröfur þessar byggist á víxlum, sem hann hafi keypt af framkvæmdastjóranum sem milligöngumaður fyrir aðra menn, þ. e. a. s. hina raunverulegu kaupendur víxlanna. Héraðsdómslögmaðurinn heldur því fram, að víxlarnir hafi allir verið til þriggja mánaða og verið keyptir með 10% afföllum auk 2% lántökugjalds. Hann hefur verið inntur eftir því, hverjir hinir raunverulegu kaupendur víxlanna hafi verið, en hefur haldið því fram, að þagnarskylda sín sem lögmanns hindri, að hann geti skýrt frá því, hverjir menn þessir séu.

Þar sem vera má, að í þessum viðskiptum felist brot gegn lögum nr. 73 19. júní 1933, er nauðsynlegt til upplýsingar málsins, að dómurinn fái vitneskju um kaupendur víxlanna.

Trúnaður héraðsdómslögmannsins við þá um fésýslu þessa þykir eigi hafa þá þjóðfélagslegu þýðingu, að hann hindri, að héraðsdómslögmaðurinn upplýsi, hverjir menn þessir séu.

Valdimar Stefánsson sakadómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Þagnarskylda Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns hindrar eigi, að hann veiti upplýsingar um framangreind atriði.
